

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna Skálabrekku eystri og Skálabrekku miðhluta, frístundabyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti 3. desember 2021 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. september 2021.

Í breytingunni felst skilgreining nýrrar 25 ha frístundabyggðar F10b, í hlíðinni ofan og vestan við Þingvallaveg og breyting á stærðum og afmörkun núverandi frístundabyggða að Skálabrekku, F10 og F11, en hámarksfjöldi lóða er óbreyttur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 3. desember 2021.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2021